

**2** sem barnið dvelur í, þá eru einmitt með umræddu ákvæði 9. greinar sett ákveðin  
8. febr. takmörk fyrir því, hve mikið framfærslusveit barnsföður sje skylt að greiða fyrir  
hann með barninu. Á Gaulverjabæjarhreppur því að vera laus við að greiða  
þær 10 króna meðlagseftirstöðvar, sem hjer greinir á um.

Því úrskurðast:

Gaulverjabæjarhreppur á að vera laus við að greiða Gerðahreppi hinar  
umþrættu meðlagseftirstöðvar, 10 kr.

**3**  
3. jan.

## Reglugjörð

**um skilyrði fyrir tillögum úr landssjóði til akfærra sýsluvega.**

1. gr.

Umsóknir um tillög úr landssjóði til akfærra sýsluvega skulu oddvitar  
sýslunefnda senda stjórnarráðinu eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.  
Í umsókninni skal tilgreina hve mikið fje sje fyrir hendi, til sýsluvegar þess er  
um ræðir, annarsstaðar frá. Þar skal og gera grein fyrir því, hvaða samgöngu-  
þörf veginum er ætlað að bæta úr, og hvort hann stendur í sambandi við kaup-  
tún eða við aðra lagða eða fyrirhugaða akvegi.

Nú er sótt um tillag úr landssjóði til sýsluvegar, sem er lengri en svo,  
eða ætla má að verði dýrari en svo, að framlög þau, sem fyrir hendi eru, að  
viðbættu tillagi landssjóðs, nægi til þess að fullgera veginn, og heimtar stjórnar-  
ráðið þá, ef því þykir ástæða til, yfirlýsingu sýslunefndar um það, að hún ábyrg-  
ist, að lagt verði fram innan hæfilegs frests úr sýslusjóði eða annarsstaðar frá  
það, er þarf móts við tillag landssjóðs til þess að fullgera veginn.

2. gr.

Þegar tillag hefir verið greitt úr landssjóði til sýsluvegar samkvæmt um-  
sókn frá oddvita sýslunefndar, ber hlutaðeigandi sýslusjóður ábyrgð á því gagn-  
vart landstjórninni, að fullnægt verði skilyrðum þeim um framlag annarsstaðar  
frá, sem stjórnarráðið hefir sett eða ákveðin verða í fjárlögum.

3. gr.

Landsverkfræðingur sá, er stjórnar vegagerðum landssjóðs, hefir ákvörð-  
unarvald um legu og gerð sýsluvega þeirra, sem njóta tillags úr landssjóði. Þegar  
því verður við komið, skal vegstæði ákveðið fyrirfram af landsverkfræðingnum  
eða þeim, sem hann skipar til þess, að viðstöddum kunnugum manni eða mönn-

um, sem sýslunefndin eða oddviti hennar skipar til þess að láta í tje upplýsingar um staðhættu.

3  
3. jan.

Sýslunefnd annast framkvæmd verksins, en hafa skal hún samráð við landsverkfræðinginn um skipun verkstjóra. Verkfræðingurinn getur vikið verkstjóra frá um stundarsakir eða fyrir fult og alt, og skipað annan í hans stað, ef nauðsyn krefur til þess að ákvörðunum hans um gerð og legu vegarins verði framfylgt. Að öðru leyti er og sýslunefndinni heimil aðstoð landsverkfræðingsins og aðstoðarmanna hans við undirbúning og framkvæmd slíkrar vegagerðar, eftir því sem við verður komið.

Stjórnarráðið hefir úrskurðarvald um allan ágreining, sem rísa kann milli sýslunefndar og landsverkfræðings út af framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

#### 4. gr.

Sem fyrst eftir að vinnu er lokið að haustinu, og ekki síðar en 1. nóv., skal senda landsverkfræðingnum reikning yfir allan kostnað við verkið með fylgiskjölum, svo og skýrslu um verkið. Reikninginn með fylgiskjölum endursendir landsverkfræðingur oddvita sýslunefndarinnar fyrir næsta sýslufund.

#### 5. gr.

Þegar tillag hefir verið veitt úr landssjóði til akfærs sýsluvegar, ber sýslunefnd ábyrgð á því að honum verði haldið við sem akfærum vegi, og má aldrei án samþykkis stjórnarráðsins nema slíkan veg úr tölu sýsluvega. Ekki má heldur án samþykkis stjórnarráðsins nema úr sýsluvegatölu neina þá vegarkafla, sem nauðsynlegt er að halda við til þess að hinn umræddi vegur haldist í sambandi við akvegakerfi sýslunnar eða verði notaður samkvæmt upphaflegum tilgangi sínum.

**Í stjórnarráði Íslands, 3. janúar 1916.**

**Einar Arnórsson.**

Jón Hermannsson.